



RÍKISLÖGREGLUSTJÓRI

Reykjavík þriðjudagur, 21. maí 2024

Tilvísun: 2024050063

Tilvísun yðar:

Alþingi
Kirkjustræti
150REYKJAVÍK

Efni: Umsögn við tillögu til þingsályktunar um fjármálaáætlun fyrir árin 2025-2029, 1035 mál.

Vísað er til fyrirbyggjandi tillögu til þingsályktunar um fjármálaáætlun fyrir árin 2025-2029 er barst embætti ríkislögreglustjóra til umsagnar.

Megin áhersluatriði í umsögn embættis ríkislögreglustjóra eru:

- Ráðstafanir verði gerðar til þess að tryggja áframhaldandi fjölgun nemenda í lögreglufræðum á tímabilinu.
- Fjárveiting til lögreglunnar verði aukin á tímabilinu til þess að mæta þeim tæknilegu og samfélagslegu áskorunum sem fram undan eru.
- Tryggt að fjármögnuð verði verkefni á landamærum.
- Hafin verði uppbygging á húsnæði fyrir lögreglu og aðra viðbragðaðila með skilvirkni og samþættingu að leiðarljósi.

Með löggæsluáætlun fyrir árin 2019-2023 var sett fram stefnumótun um framtíðarsýn í löggæslumálum. Stefnumótun var m.a. á þann veg að lögreglan yrði í stakk búin til þess að gæta almannaöryggis, halda uppi lögum og reglu og tryggja réttaröryggi og stjórnarskrárvarin réttindi borgaranna í takt við samfélagslega og tæknilega þróun. Lögreglan sé til staðar þar sem og á þeim

RÍKISLÖGREGLUSTJÓRI

tíma sem hennar er þörf. Lögreglan verði fyrirfram undirbúin til að mæta stórum verkefnum og nýjum áskorunum, vinni áfram að áhættugreiningum hinna ýmsu ógna, hvort sem þær eru af völdum náttúrunnar, tæknilegra bilana eða viljaverka. Fram kom það markmið að lögreglan tryggji borgurum, hvar sem er á landinu, sambærilega þjónustu og öryggi eftir því sem unnt er og síðast en ekki síst að vel menntað, vel þjálfað og samhæft lögreglulið gegni löggæsluhlutverki sínu í þágu samfélagsins.

Fram kemur í löggæsluáætluninni að á sviði hinnar almennu löggæslu standa stjórnvöld einkum frammi fyrir verkefnum er miða að því að tryggja samfélagslegt öryggi. Ógnir á því sviði eru af margvíslegum toga og taka líkt og aðrar breytingum meðal annars sökum tækniframfara og hnattvæðingar. Ógn við öryggi almennings, mikilvæga innviði samfélagsins og vegna skipulagðrar glæpastarfsemi er vissulega til staðar. Einnig kemur fram að gerð er sú krafa til íslensku lögreglunnar að hún sé fær um að bregðast við á öllum þessum sviðum. Til að lögreglan fái risið undir þeirri kröfu þarf hún að hafa tiltæk úrræði, áætlanir og rannsóknarheimildir og ráða yfir mannafla og þekkingu sem gerir henni kleift að takast á við þær áskoranir sem fylgja síbreytilegum og flóknum samtíma. Löggæsla, neyðar- og viðbragðsþjónusta er einn af undirstöðupáttum í áfallaþoli samfélagsins.

Embætti ríkislögreglustjóra vill benda á að þegar alvarlegir atburðir eiga sér stað, þá leikur lögregla lykilhlutverki í öllu viðbragði og skipulagningu aðgerða. Lögregla og aðrir viðbragðsaðilar þurfa að bregðast skjótt við hvers konar áföllum sem ein heild og forsenda fyrir því er skilvirkt samstarf og samhæfing milli allra stjórnsýslustiga. Í því ljósi þarf sérstaklega að skoða hvaða áhrif framlögð tillaga um fjármálaáætlun fyrir árin 2025-2029 hefur á viðbúnaðar og getustig lögreglu, ekki einvörðungu hvað varðar alvarlega atburði, heldur og einnig hvaða áhrif það hefur á getu lögreglu til að sinna því lögbundna hlutverki sem henni er falið í 1. gr. lögreglulaga nr. 90/1996.

Í þessu samhengi má nefna umfjöllun um löggæslu í fyrri fjármálaáætlun.

„Verkefni lögreglu og umfang þeirra eru oft ófyrirséð. Rekstur lögreglu er mannaflafrekur og langstærstur hluti af útgjöldum lögreglu er launakostnaður. Niðurfelling aðhaldskröfu til lögreglu að fullu vegna áranna 2024 og 2025 tekur mið af því að um er að ræða viðkvæma þjónustu við almenning. Tafir á viðbragði lögreglu og úrlausn mála geta haft alvarlegar afleiðingar í för með sér og bitnað á öryggi fólks. Þá er mikilvægt að fólk beri traust til lögreglu en skert þjónusta við almenning getur haft áhrif á þann þátt.“

Í vinnu að endurskoðun löggæsluáætlunar er reiknað með að tæplega 1.300 menntaða lögreglumenn þurfi á næstu árum. Heildarfjöldi starfandi lögreglumanna á landinu er 895 og þar af eru 704 menntaðir lögreglumenn. Afleysingamenn eru 79 talsins og þá sinna 112 lögreglumenn

RÍKISLÖGREGLUSTJÓRI

afleysingastörfum hjá lögregluembættum landsins. Þannig eru rúmlega 78% starfandi lögreglumanna menntaðir lögreglumenn og rúmlega 90% starfandi lögreglumanna menntaðir lögreglumenn eða lögreglunemar. Heildarfjöldi starfandi lögreglumanna var 23,1 á hverja 10.000 íbúa árið 2007, 20,4 árið 2013 og 20,2 á hverja 10.000 íbúa árið 2023¹. Þessu til viðbótar má gera ráð fyrir því að vinnuskylda lögreglumanna hafi farið úr 40 stundum í allt að 32 stundir á mánuði vegna styttingar vinnuvikunnar sem felur það í sér að fjöldi stöðugilda nú felur í sér minna vinnuframlag en áður. Með fjölgun nema mun sannarlega nást sá árangur að starfandi lögreglumenn verða álíka margir miðað við íbúafjölda nú og árið 2007 en þó ekki að teknu tilliti til minnkandi vinnuskyldu.

Rétt er að áréttta að hámarksfjöldi nemenda í lögreglufræðinámi hefur verið aukinn tímabundið til ársins 2025, en þá er áætlað að aftur verið farið í að taka aðeins inn 40 nemendur á ári. Af tölfræðinni er ljóst að mikilvægt er að viðhalda auknum nemendafjölda, enda eru flestir nemendur þegar starfandi sem afleysingafólk í lögreglunni. Til að svo megi verða þarf að koma til fjárveiting fyrir auknum kostnaði vegna tvöföldunar á nemendafjölda.

Miðað við framangreint er eðlilegt að áfram þurfi að gera ráð fyrir fjölgun lögreglumanna í áætluninni og gera ráð fyrir auknum fjárframlögum vegna þess. Áfram þarf að fjárfesta í nauðsynlegum innviðum lögreglu, s.s. á borð við húsnæði, tölvukerfi og umsjón þeirra, auk annars sérhæfðs búnaðar sem nauðsynlegur er lögreglu til að geta sinnt lögreglustörfum

Starfsumhverfi og aðstæður lögreglu hafa breyst afar mikið undanfarin ár. Má þar nefna að rannsóknir lögreglu og eftirlit til að daga úr brotastarfsemi hefur þyngst verulega. Síðbreytilegt öryggisumhverfi krefst þess einnig að lögregla haldi jafnan vöku sinni gagnvart mögulegum aðgerðum einstaklinga, hópa, samtaka eða þjóðríkja er kunna að skaða stjórnskipun eða stjórnsmálalegar, efnahagslegar eða þjóðfélagslegar undirstöður samfélagsins.

Það má sem dæmi nefna að hætta vegna skipulagðrar brotastarfsemi á Íslandi telst mjög mikil samkvæmt skýrslu greiningardeildar ríkislögreglustjóra „Skipulögð brotastarfsemi 2021 – Mat greiningardeildar ríkislögreglustjóra á skipulagðri brotastarfsemi á Íslandi.” Þar kemur einnig fram að aukin notkun brotahópa á stafrænni tækni eykur álag á ýmsum sviðum löggæslunnar. Þá felur skipulögð brotastarfsemi í sér ógn við öryggi samfélags og einstaklinga.

Í framangreindri skýrslu greiningardeildar kemur m.a. fram að skipulögð brotastarfsemi hefur grafið um sig og er talin umfangsmikil á Íslandi. Í skýrslunni segir:

„Áhrif þessa á samfélagið eru margvísleg og öll neikvæð. Það á við um tíðni afbrota, alvarleika þeirra, áhrif á viðskiptalíf og vinnumarkað, þar undir skekkt samkeppnisstaða og fjártjón fyrirtækja, tekjumissi hins opinbera auk þess sem

¹ Sjá nánar þingfyrirspurn, 470/154 svar: [fjöldi starfandi lögreglumanna | Þingtíðindi | Alþingi \(althingi.is\)](#)

RÍKISLÖGREGLUSTJÓRI

skipulagðri brotastarfsemi fylgir ofbeldi sem verður til þess að draga almennt úr öryggi í samfélaginu.“

Þá er mikilvægt að halda áfram að vinna gegn heimilisofbeldi, kynferðisbrotum og kynbundnu ofbeldi og þróa áfram samfélagslöggæslu til að varna ofbeldi og öðrum afbrotum.

Verkefni lögreglu eru því að þyngjast verulega eins og áður sagði og hefur það áhrif á alla þætti löggæslu, þ.e. almenna löggæslu, rannsóknir og saksókn mála.


Þá er vert að benda á að fram kemur í framlagðri fjármálaáætlun að áformum um nýtt húsnæði viðbragðsaðila á höfuðborgarsvæðinu sé frestað en í fyrri áætlun var reiknað með að húsið myndi rísa árið 2027. Um er að ræða sameiginlegt húsnæði fyrir löggæslu- og viðbragðsaðila á höfuðborgarsvæðinu en með slíku húsnæði skapast mikil samlegðaráhrif, bæði þegar kemur að verkefnum og búnaði.

Einnig þarf að taka húsnæði lögreglu á landsbyggðinni til nánari skoðunar og meta þörf á endurbótum. Var í því sambandi horft m.a. til uppbyggingar lögreglustöðva í Borgarnesi og í Reykjanesbæ í samstarfi við hlutaðeigandi sveitarfélög, en staðan hjá lögreglunni á Suðurnesjum er sú að ekki hefur verið unnt að nýta lögreglustöð embættisins í Reykjanesbæ nema að afar litlu leyti vegna myglu undanfarna 6 mánuði og er brýnt að bregðast hratt við þessari stöðu

Þá er ljóst að fjölgun farþega undanfarin ár, bæði um sjó og loftlandamæri, hefur falið í sér miklar áskoranir og álag fyrir löggæsluna, með tilliti til mönnunar, aðstöðu- og búnaðarleysis auk tæknilegrar uppbyggingar. Á sama tíma hefur málþungi aukist, bæði á landamærum og inni í landinu og viðfangsefni landamæra á sviði löggæslu hafa orðið meira krefjandi. Ljóst er að álagið verður áfram viðvarandi og skilvirk framkvæmd landamæraeftirlits því í raun ógerleg við þær aðstæður. Getur það leitt af sér aukna öryggisógn.

Í niðurstöðuskýrslu Schengen-úttektar sem framkvæmd var á ytri-landamærum Íslands árið 2022, kom fram að veikleikar Íslands í málefnum landamæra megi rekja til viðvarandi skorts á mannafla. Til að unnt sé að tryggja með fullnægjandi hætti öryggi landamæra í takt við þær áskoranir sem fyrir hendi eru, þarf að forgangsraða fjárheimildum innan lögreglu í þágu landamæra. koma.

Að þessu sögðu er rétt að fram komi að þróun reglubundinna fjárheimilda til löggæslu seinustu ár (fjárlög) hafi verið jákvæð þar til árið 2024, eins og sjá má á töflunni hér á eftir.



Ríkislögreglustjóri hefur unnið ötullega að því að efla tæknilega getu lögreglu með ýmiskonar hætti. Meðal annars hefur embættið unnið þétt með dómsmálaráðuneyti að uppbyggingu og innleiðingu réttarvörslugáttar þar sem samskipti milli stofnana eru stafvædd og þannig dregið úr handavinnu og öryggi gagnamiðlunar aukið verulega.

Þá hefur verið unnið að því að efla útkallslögreglu m.a. með því að innleiða vinnusíma sem nýta má til að afla rannsóknargagna af vettvangi (s.s. myndir, myndskreið og upptökur af vitnisburði), leita í kerfum lögreglu s.s. til að fá upplýsingar um einstaklinga eða ökutæki og til að tryggja aðgang að nauðsynlegum leiðbeiningum og fyrirmælum. Einnig hefur verið lögð áhersla á að auka þjónustu við almenning með því að nota stafrænar lausnir s.s. með því að gera umsóknarferli skotvopnaleyfa stafrænt og tilkynningar um tapaða eða stolna muni.

Lokaorð

Að mati embættis ríkislögreglustjóra verður að tryggja að lögregla og löggæsla geti þróast áfram í takt við auknar áskoranir og fjölgunar verkefna. Sífellt meiri kröfur eru gerðar til löggæslu, bæði hvað varðar gæði, málshraða og viðbragð.

Fjárframlög verða að endurspeglu aukin verkefni og þær nýju áskoranir sem löggæsla stendur frammi fyrir. Tryggja þarf seiglu lögreglu til að takast á við lögbundin verkefni sem henni er skylt samkvæmt lögum að annast.

Mikilvægt er að efla getu og viðbragð lögreglu og bæta úr þeim annmörkum sem til staðar eru. Tryggja þarf með fullnægjandi hætti öryggi landamæranna í takt við þær áskoranir sem fyrir hendi eru.

RÍKISLÖGREGLUSTJÓRI

Loks er mikilvægt að lögreglu verði búin viðunandi vinnuaðstaða, s.s. með húsnæði sem uppfyllir þær kröfur sem starfsemi löggæslu krefst.

F.h. embættis ríkislögreglustjóra,



Helgi Valberg Jónsson
yfirlögfræðingur.